

VIÐHORF TIL LÖGREGLU

Könnun á viðhorfum höfuðborgarbúa til
þjónustu og starfa lögreglunnar

2018



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf almennings til þjónustu lögreglu og starfa hennar
Dagsetning skýrsluskila	15. október 2018

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Rannsóknarstofa í afbrotafræði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Gagnaöflun	Margrét Valdimarsdóttir
Úrvinnsla	Margrét Valdimarsdóttir
Skýrslugerð	Margrét Valdimarsdóttir

INNGANGUR

Könnun var lögð fyrir tilviljunarúrtak fólks 18 ára og eldra á landinu öllu. Viðhorf landsmanna til lögreglu, reynslu af afbrotum og ótta við afbrot voru könnuð. Hér fyrir neðan er eingöngu birt samantekt á niðurstöðum höfuðborgarbúa á viðhorfum til lögreglu og starfa hennar. Aðrar niðurstöður eru birtar í öðrum skýrslum. Niðurstöður könnunarinnar voru unnar af Rannsóknarstofu í afbrotufræði og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Heildarfjöldi í úrtaki höfuðborgarbúa voru 2.500 einstaklingar á aldrinum 18 til 90 ára. Alls svöruðu 1.357 einstaklingar og var því svarhlutfall rúmlega 54%.

FRAMKVÆMD

Tekið var 4.200 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnun á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr Þjóðskrá. Úrtakið var tvískipt; 2.000 af höfuðborgarsvæðinu og 2.200 af landsbyggðinni. Til þess að tryggja að úrtakið endurspegladi breytileika landsmanna sem best, var jafnframt tekið 1.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr Þjóðskrá. Í úrtakinu eru eingöngu fólk eldra en 17 ára með íslenskt ríkisfang, 500 af höfuðborgarsvæðinu og 500 af landsbyggðinni. Heildarfjöldi í úrtaki fólks á höfuðborgarsvæðinu var því 2.500. Heildarfjöldi svaranda á höfuðborgarsvæðinu var 1.357 var því svarhlutfallið um 54%.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið vigtaðar þannig að úrtakið endurspegli þýði með tilliti til kyns og aldurs. Niðurstöður eru oftast greindar eftir þessum sömu bakgrunnsbreytum, sem og búsetu. Búsetu er skipt upp í annars vegar hverfi og hins vegar í löggæslusvæði. Póstnúmer á höfuðborgarsvæðinu tilheyra eftirfarandi löggæslusvæðum:

- Löggæslusvæði 1: 101, 103, 104, 105, 107, 108 og 170.
- Löggæslusvæði 2: 210, 220, 221, 222 og 225.
- Löggæslusvæði 3: 109, 111, 200, 201, 202 og 203.
- Löggæslusvæði 4: 110, 112, 113, 116, 270, 271 og 276.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,05$), þ.e. meðal allra Íslendinga sem eru 18 ára eða eldri. Tvær stjörnur þýða að innan við 1% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að innan við 0,1% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,001$).

Tafla 1. Framkvæmd könnunar.

Framkvæmdarmáti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	16.05.18-10.08.18
Fjöldi í úrtaki	2.500
Fjöldi svarenda	1.357
Svarhlutfall	54,3%

Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri og menntun svarenda og þýðis.

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Hlutfall í þýði
Kyn			
Karl	671	49,4%	51,0%
Kona	686	50,6%	49,0%
Aldur***			
18-25 ára	179	13,2%	14,9%
26-35 ára	215	15,8%	20,0%
36-45 ára	264	19,5%	18,3%
46-55 ára	253	18,6%	16,2%
56-65 ára	226	16,7%	14,5%
66 ára og eldri	220	16,2%	16,0%
Menntun***			
Grunnskólamenntun	122	9,5%	34%
Framhaldsskólamenntun	453	35,4%	35%
Háskólamenntun	704	55,0%	32%
Vil ekki svara	77		
Heildarfjöldi svarenda	1357	100%	100%

Marktækur munur er á hlutfalli í úrtaki og hlutfalli í þýði; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Mikill meirihluti höfuðborgarbúa telur lögreglu hafa skilað góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi. Ekki hefur verið mikil breyting á viðhorfum að þessu leyti á síðustu árum. Ánægja með störf lögreglu er almennt meiri meðal kvenna en karla.
- Sýnileiki lögreglu hefur minnkað töluvert á síðustu 10 árum. Hlutfallslega færri telja sig nú sjá lögreglu oft en einu í viku og aðeins hærra hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu telja sig aldrei sjá lögreglu eða lögreglubíl í sínu hverfi en á allra síðustu árum þar á undan. Karlar eru líklegri en konur til að segjast sjá lögreglubíl í sínu hverfi oft en einu sinni í viku. Fólk í yngsta aldurshópnum er jafnframt líklegri til að verða vart við lögreglu en þeir sem eldri eru. Töluverður munur er á sýnileika lögreglu eftir hverfum, en hæsta hlutfall íbúa í Miðborg og í Gamla vesturbænum segjast sjá lögregluna oft en einu sinni í viku.
- Tæplega 70% höfuðborgarbúa telur lögregluna mjög eða frekar aðgengilega. Hlutfall þeirra sem telja lögreglu mjög aðgengilega hefur hækkað frá því sem það var á síðustu árum. Fólk sem býr í Hlíðunum er líklegra en fólk í öðrum hverfum til að telja lögreglu aðgengilega, lægsta hlutfallið er meðal íbúa í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjósarhreppi.
- Traust til lögreglu og starfa hennar er almennt mikið meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins. En ekki hefur orðið mikil breyting á trausti til lögreglu á síðustu árum. Eldri aldurshópar eru líklegri en aðrir til að bera mikið traust til lögreglu. Mikill meirihluti borgarbúar telur jafnframt lögreglu vera lögætt yfirvald og að fyrirmælum hennar beri að fylgja.
- Árið 2018 leitaði rúmlega 30% íbúa á höfuðborgarsvæðinu eftir einhverskonar þjónustu lögreglu. Flestir sem leituðu eftir þjónustu lögreglu hringdu í Neyðarlínuna. Mikill meirihluti þeirra sem leituðu eftir þjónustu lögreglu voru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu. Mest var ánægjan meðal þeirra sem nýttu sér samfélagsmiðla. Af þeim sem fylgjast með lögreglu á samskiptamiðlum, fylgjast flestir með lögreglu á Facebook.


Viðhorf til starfa lögreglu¹

- Mikill meirihluti höfuðborgarbúa telur lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi, eða um 84%.
- Á mynd 1 eru viðhorf höfuðborgarbúa skoðuð yfir 10 ára tímabil, og má sjá að ekki hefur orðið mikil breyting á hlutfalli þeirri sem telja lögreglu hafa skila góðu starfi á þessu tímabili. Hlutfallslega segja þó aðeins færri lögregluna hafa skilað mjög góðu starfi nú en á allra síðustu árum. Mesta ánægjan með störf lögreglu var árið 2010 þegar tæplega 26% borgarbúa töldu lögreglu hafa skilað mjög góðu starfi og yfir 90% þeirra töldu hana hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi.
- Marktækur munur er á viðhorfum höfuðborgarbúa til starfa lögreglu eftir kyni, en ekki eftir öðrum bakgrunnsbreytum sem notaðar eru til greiningar í þessari könnun. Hlutfallslega fleiri konur en karlar telja lögreglu hafa skilað góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi.
- Um það bil 9 af hverjum 10 íbúum í Vesturbæ og á Seltjarnesi telja lögreglu hafa skilað góðu starfi en þetta hlutfall er rétt yfir 70% í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjósarhreppi. Þessi munur milli hverfa er þó ekki tölfræðilega marktækur. Í töflu 4 kemur jafnframt fram að hlutfallslega fleira fólk í úrtakinu með grunnskólapróf er því sammála að lögreglu hafi skilað góðu starfi en hlutfall fólks með lengri menntun.

Tafla 3. Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til starfa lögreglu.


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög góðu starfi	165	18%	2,1%	18%
Frekar góðu starfi	587	66%	2,5%	66%
Frekar slæmu starfi	115	13%	1,8%	13%
Mjög slæmu starfi	28	3%	0,9%	3%
Fjöldi svara	895	100%		
Veit ekki	441			
Vil ekki svara	21			
Alls	1357			

¹ Spurt var: Þegar á heildina er lítið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum?



Mynd 1. Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til starfa lögreglu, samanburður frá 2008 til 2018.

Tafla 4. Hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi, skipt upp eftir kyni aldri, búsetu og menntun.




Sýnileiki lögreglu²

- Til þess að meta sýnileika lögreglu var spurt hversu oft að jafnaði fólk sér lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi. Flestir höfuðborgarbúar segjast sjá lögregluna í sínu hverfi einu sinni í mánuði eða sjaldnar, eða um 63%. Um 12% íbúa á höfuðborgarsvæðinu sjá lögregluna oftar en einu sinni í viku, en 13% segjast aldrei sjá lögreglu eða lögreglubíl í sínu hverfi.
- Eins og má sjá á mynd 2, hefur sýnileiki lögreglu á höfuðborgarsvæðinu farið minnkandi á síðustu árum. Hlutfalli þeirra sem sjá lögreglu einu sinni í mánuði eða sjaldnar hefur hækkað og hlutfall þeirra sem sjá lögreglu oftar en einu sinni í viku lækkað töluvert.
- Hlutfallslega fleiri karlar segjast sjá lögreglu oftar en einu sinni í viku, eða 15% samanborðið við um 10% kvenna. Yngri aldurshópar eru jafnframt líklegri til þess að segjast sjá lögregluna oftar en einu sinni í viku í sínu hverfi en þeir sem eldri eru (sjá töflu 6).
- Mikill munur er á sýnileika lögreglu eftir því í hvaða hverfi fólk býr. Ekki kemur á óvart að íbúar í miðborginni og gamla vesturbænum eru töluvert líklegri til að segjast sjá lögreglu vikulega (23%) en íbúar annarra hverfa. En sýnileiki lögreglu er einnig mikill í Breiðholti. Mjög lágt hlutfall íbúa í Garðabæ og á Álftanesi verða varir við lögreglu í sínu hverfi vikulega (u.þ.b. 1%).

Tafla 5. Hversu oft höfuðborgarbúar sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oftar en einu sinni í viku	159	12%	1,8%	12%
2-3 í mánuði til vikulega	160	12%	1,8%	12%
Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	803	63%	2,6%	63%
Aldrei	162	13%	1,8%	13%
Fjöldi svara	1284	100%		
Veit ekki	54			
Vil ekki svara	19			
Alls	1357			

² Spurt var: Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi að jafnaði (hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum)?



Mynd 2. Hversu oft höfuðborgarbúar sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi, samanburður frá 2008 til 2018 (ath. spurning ekki notuð árið 2015).

Tafla 6. Hlutfall höfuðborgarbúa sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi oftar en einu sinni í viku, skipt upp eftir kyni aldri, búsetu og menntun.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Kyn			
Karl	624	15,4%	15,4%
Kona	619	11,9%	11,9%
Aldur***			
18-25 ára	187	15,3%	15,3%
26-35 ára	246	16,3%	16,3%
36-45 ára	227	14,4%	14,4%
46-55 ára	204	8,9%	8,9%
56-65 ára	177	12,4%	12,4%
66 ára og eldri	202	13,9%	13,9%
Búseta***			
Miðborg, Gamli Vesturbær	90	26,6%	26,6%
Hlíðar	94	28,3%	28,3%
Vesturbær, Seljarnarnes	109	4,2%	4,2%
Laugardalur, Háaleiti	143	11,6%	11,6%
Breiðholt	100	13,4%	13,4%
Árbær	62	7,6%	7,6%
Grafarvogur, Grafarholt	162	14,7%	14,7%
Kópavogur	207	13,1%	13,1%
Garðabær, Álftanes	70	6,6%	6,6%
Hafnarfjörður	145	13,7%	13,7%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	62	8,1%	8,1%
Löggæslusvæði**			
Löggæslusvæði 1	399	16,0%	16,0%
Löggæslusvæði 2	216	10,5%	10,5%
Löggæslusvæði 3	281	13,5%	13,5%
Löggæslusvæði 4	272	10,9%	10,9%
Menntun***			
Grunnskólanám	83	27,7%	27,7%
Framhaldsskólanám	430	13,8%	13,8%
Háskólanám	629	11,3%	11,3%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001


Aðgengi að lögreglunni³

- Um það bil 69% íbúa á höfuðborgarsvæðinu telja lögreglu frekar eða mjög aðgengilega. Rétt er að taka fram að stór hópur höfuðborgarbúa hefur ekki leitað eftir þjónustu lögreglu á undanfögnu ári sem skýrir væntanlega að rúmlega 30% svarenda í könnunni sagðist ekki vita hversu aðgengileg lögregla er (sjá töflu 7).
- Eins og kemur fram á mynd 3, hefur upplifun borgarbúa á aðgengi sínu að lögreglunni ekki breyst mikið á síðustu 10 árum. Hlutfall þeirra sem telja lögreglu mjög aðgengilega hefur þó hækkað frá því í fyrra (úr 16,7% í 22,2%).
- Það er einungis marktækur munur á mati höfuðborgarbúa á aðgengi sínu að lögreglunni eftir búsetu (bæði hverfi og löggæslusvæði). Íbúar í Hafnafirði, Hlíðum, Miðborg og Gamla vesturbænum eru líklegri en íbúar annarra hverfa til að telja lögreglu aðgengilega. Hlutfallslega fæstir íbúar í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjósarhreppi telja lögregluna aðgengilega (u.þ.b. 46%).

Tafla 7. Mat höfuðborgarbúa á aðgengi sínu að lögreglunni.


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög aðgengileg	188	21%	2,2%	21%
Frekar aðgengileg	440	48%	2,7%	48%
Frekar óaðgengileg	204	22%	2,2%	22%
Mjög óaðgengileg	79	9%	1,5%	9%
Fjöldi svara	911	100%		
Veit ekki	426			
Vil ekki svara	20			
Alls	1357			

³ Spurt var: Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi?



Mynd 3. Mat höfuðborgarbúa á aðgengi sínu að lögreglunni árin 2008 til 2018 (ath. spurning ekki notuð árið 2015).

Tafla 8. Hlutfall höfuðborgarbúa sem telur lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi.



Traust til lögreglu

- Kannanir á síðustu árum hafa sýnt að höfuðborgarbúar bera almennt mikið traust til lögreglu. Árið 2018 sögðu 86% höfuðborgarbúa að þeir bæru mjög eða frekar mikið traust til lögreglu og starfa hennar (sjá töflu 9).
- Hlutfallið sem segist bera mjög mikið traust til lögreglu er aðeins hærra árið 2018 heldur en það var á árunum 2016 og 2017, en ekki eins hátt og þegar mælingar hófust 2014 (sjá mynd 4).
- Eins og kemur fram í töflu 10 er marktækur munur á trausti til lögreglu eftir aldri. Traust á lögreglu fer almennt hækkandi með hækkandi aldri. Þó bera hlutfallslega fleiri í yngsta aldurshópnum (18 til 25 ára) mjög eða frekar mikið traust til lögreglu heldur en í aldurshópnum 26-35 ára.
- Traust til lögreglu er mest meðal íbúa í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjósarhreppi, en minnst meðal íbúa í Miðborg og Gamla vesturbænum. Traust eykst jafnframt með aukinni menntun. En þessi hlutfallsmunur er ekki tölfræðilega marktækur.
- Mikill meirihluti höfuðborgarbúa er jafnframt mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að lögreglan vinni í þágu almennings, eða um 89% (sjá töflu 11).
- Mikill meirihluti höfuðborgarbúa er einnig mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að lögreglan sé heiðarleg, eða um 88% (sjá töflu 12).

Tafla 9. Mat höfuðborgarbúa á trausti til lögreglu⁴.


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	506	39%	2,6%	39%
Frekar sammála	603	47%	2,7%	47%
Hvorki né	104	8%	1,5%	8%
Frekar ósammála	35	3%	0,9%	3%
Mjög ósammála	39	3%	0,9%	3%
Fjöldi svara	1287	100%		
Veit ekki	5			
Vil ekki svara	65			
Alls	1357			



Mynd 4. Mat höfuðborgarbúa á trausti á lögreglu á árunum 2014 til 2018.

⁴ Spurt var: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?-Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar

Tafla 10. Hlutfall höfuðborgarbúa sem eru mjög eða frekar sammála að þeir beri traust til lögreglu, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.



Marktækur munur er á hópunum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Tafla 11. Hlutfall höfuðborgarbúa sem telur lögreglu vinna í þágu almennings.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	636	50%	2,7%	50%
Frekar sammála	500	39%	2,6%	39%
Hvorki né	91	7%	1,4%	7%
Frekar ósammála	32	3%	0,8%	3%
Mjög ósammála	24	2%	0,7%	2%
Fjöldi svara	1283	100%		
Veit ekki	15			
Vil ekki svara	59			
Alls	1357			

Tafla 12. Hlutfall höfuðborgarbúa sem telur lögreglu heiðarlega.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	539	52%	2,7%	52%
Frekar sammála	370	36%	2,5%	36%
Hvorki né	107	10%	1,6%	10%
Frekar ósammála	9	1%	0,5%	1%
Mjög ósammála	14	1%	0,6%	1%
Fjöldi svara	1039	100%		
Veit ekki	258			
Vil ekki svara	60			
Alls	1357			


Lögmæti lögreglu

- Flestir íbúar höfuðborgarsvæðisins, eða um 92%, telja lögregluna vera lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar beri að fylgja. Um 4% eru ósammála fullyrðingunni.
- Í töflu 14 má sjá að það er marktækur munur á hlutfalli þeirra sem telja lögregluna lögmætt yfirvald eftir kyni og aldri.
- Hlutfallslega fleiri konur telja lögregluna lögmætt yfirvald (um 93%), en þó telja einnig hátt í níu af hverjum tíu körlum að svo sé. Lægra hlutfall yngri íbúa (18-35 ára) telja lögregluna lögmætt yfirvald heldur en eldri íbúa.
- Í töflum 15 til 18 eru viðhorf höfuðborgarbúa til málefna sem tengjast lögmæti lögreglu skoðuð. Í töflu 15 kemur fram að um 36% íbúa á höfuðborgarsvæðinu er því mjög eða frekar sammála að það geti komið upp aðstæður þar sem það er í lagi að fylgja ekki fyrirmælum lögreglu. Um 46% íbúa er ósammála þeirri fullyrðingu.
- Meirihluti íbúa (u.þ.b. 77%) eru sammála að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu þó maður skilji ekki þær ástæður sem lagðar eru til grundvallar. Jafnframt telja um 65% höfuðborgarbúa að virða skuli ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar. Svipað hlutfall (um 63%) telur að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna.
- Marktækur munur var á viðhorfum höfuðborgarbúa til fullyrðinganna í töflum 15 til 18 eftir aldri. Þrátt fyrir að flestir höfuðborgarbúar telji lögregluna almennt lögmætt yfirvald er aðeins lægra hlutfall sem er því sammála meðal yngstu aldurshópanna (18-35 ára) en meðal þeirra sem eldri eru. Karlar voru marktækt líklegri til að vera sammála því að það geti komið upp aðstæður þar sem það er í lagi að framfylgja ekki fyrirmælum lögreglu.

Tafla 13. Hlutfall höfuðborgarbúa sem telur lögregluna vera lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar beri að fylgja.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	798	62%	2,6%	62%
Frekar sammála	381	30%	2,4%	30%
Hvorki né	66	5%	1,2%	5%
Frekar ósammála	21	2%	0,7%	2%
Mjög ósammála	19	2%	0,6%	2%
Fjöldi svara	1285	100%		
Veit ekki	11			
Vil ekki svara	61			
Alls	1357			

Tafla 14. Hlutfall höfuðborgarbúa sem eru mjög eða frekar sammála að lögreglan sé lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar ber að fylgja, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.



Marktækur munur er á hópunum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Tafla 15. Hlutfall höfuðborgarbúa sem eru sammála eða ósammála að upp geti komið aðstæður þar sem það er í lagi að framfylgja ekki fyrirmælum lögreglu.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	134	11%	1,7%	11%
Frekar sammála	287	25%	2,3%	25%
Hvorki né	223	19%	2,1%	19%
Frekar ósammála	290	25%	2,3%	25%
Mjög ósammála	240	21%	2,1%	21%
Fjöldi svara	1174	100%		
Veit ekki	117			
Vil ekki svara	66			
Alls	1357			

Tafla 16. Hlutfall höfuðborgarbúa sem eru sammála eða ósammála að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu þó maður skilji ekki þær ástæður sem lagðar eru til grundvallar.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	433	35%	2,5%	35%
Frekar sammála	523	42%	2,6%	42%
Hvorki né	167	13%	1,8%	13%
Frekar ósammála	65	5%	1,2%	5%
Mjög ósammála	64	5%	1,2%	5%
Fjöldi svara	1252	100%		
Veit ekki	42			
Vil ekki svara	63			
Alls	1357			

Tafla 17. Hlutfall höfuðborgarbúa sem eru sammála eða ósammála að virða skuli ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	328	26%	2,3%	26%
Frekar sammála	463	37%	2,6%	37%
Hvorki né	259	21%	2,2%	21%
Frekar ósammála	121	10%	1,6%	10%
Mjög ósammála	77	6%	1,3%	6%
Fjöldi svara	1248	100%		
Veit ekki	43			
Vil ekki svara	66			
Alls	1357			


Tafla 18. Hlutfall höfuðborgarbúa sem eru sammála eða ósammála að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	338	27%	2,4%	27%
Frekar sammála	511	41%	2,6%	41%
Hvorki né	221	18%	2,0%	18%
Frekar ósammála	121	10%	1,6%	10%
Mjög ósammála	62	5%	1,1%	5%
Fjöldi svara	1253	100%		
Veit ekki	40			
Vil ekki svara	64			
Alls	1357			


Samskipti við lögreglu⁵

- Árið 2018 leituðu um 32% höfuðborgarbúa eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu. Þetta er örlítið lægra hlutfall en á síðustu þremur árum þar á undan.
- Það var marktækur munur á hlutfalli þeirra sem leituðu eftir þjónustu lögreglu eftir aldri og búsetu (ekki birt í töflu eða á mynd). Hlutfall borgarbúa sem leitar eftir þjónustu lögreglu lækkar með auknum aldri. Fólk á aldrinum 18 til 25 ára er líklegast til að hafa leitað eftir þjónustu en hlutfallslega fæstir í aldurshópnum eldri en 65 ára leita eftir þjónustu lögreglu. Hlutfallslega flestir íbúar í Árbæ, Miðborg, Gamla vesturbænum og Breiðholti leituðu eftir þjónustu lögreglu.
- Af þeim sem leituðu eftir þjónustu lögreglu hringdu flestir í Neyðarlínuna (112), eða rúmlega helmingur. Um 30% þeirra sem nýttu sér þjónustu lögreglu á árinu 2018, nýttu sér samfélagsmiðla hennar. Fæstir, eða um 6%, sendu lögreglunni tölvupóst (sjá mynd 6).
- Mikill meirihluti sem nýta sér þjónustu lögreglu eru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá. Ánægjan var sérstaklega mikil meðal þeirra sem nýta sér samfélagsmiðla lögreglu, þar sem um 93% þeirra voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna. Heldur lægra hlutfall þeirra sem fóru á lögreglustöð voru ánægðir með þjónustuna, en þó var hlutfall ánægðra um 71%.
- Í töflu 19 er tegund þjónustu sem leitað var eftir greind eftir bakgrunni höfuðborgarbúa. Það var marktækur munur á hlutfallslegum fjölda þeirra sem fóru á heimasíðu lögreglu eftir kyni, heldur hærra hlutfall karla fara á heimasíðu lögreglu en hlutfall kvenna (eða tæplega 14% samanborið við tæplega 9%). Önnur hlutföll voru ekki marktæk eftir kyni.
- Hlutfall þeirra sem fóru á heimasíðu lögreglu var jafnframt eini munurinn sem var marktækur eftir aldri. Hlutfallslega flestir á aldrinum 36 til 45 ára nota heimasíðu lögreglu, eða rúmlega 18%.
- Í töflu 19 kemur fram að töluverður munur er tegund þjónustu lögreglu sem fólk nýtir sér eftir því hvar á höfuðborgarsvæðinu það býr. Af þeim sem nýttu sér þjónustu lögreglu, hringdu um 60% íbúa Miðborgar og Gamla vesturbæjarins í neyðarlínuna, en þetta hlutfall var rúmlega 40% í Árbæ. Hlutföllinn í töflu 19 eru þó ekki tölfræðilega marktækt ólík eftir búsetu. Ekki er marktækur munur á hvernig þjónustu lögreglu fólk nýtur sér eftir menntun.
- Um 47% borgarbúa fylgdist með lögreglu á samskiptamiðlum. Af þessum hópi fylgjast flestir með lögreglu á Facebook (um 92%). Heldur lægra hlutfall fylgist með lögreglu á öðrum miðlum (sjá mynd 8).

⁵ Spurt var: Ef þú hugsar um árið 2017, leitaðir þú eftir þjónustu/aðstoð lögreglu með einhverjum af eftirtöldum hætti?



Mynd 5. Hlutfall höfuðborgarbúa sem höfðu leitað eftir einhverskonar þjónustu lögreglu frá 2015 til 2018.




Mynd 6. Hlutfall höfuðborgarbúa sem leituðu eftir þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið. Svarendur máttu merkja við fleiri en einn valmöguleika og er því heildarhlutfallið hærra en 100%.


Tafla 19. Hlutfall höfuðborgarbúa sem leituðu eftir þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið, kyn, aldri, búsetu og menntun.

	Hringdi í neyðarlínuna	Nýtti mér samfélags- miðla	Hringdi á lögreglustöð	Fór á lögreglustöð	Fór á heimasiðu lögreglu	Sendi lögreglunni tölv upóst
Kyn						
Karl	54,3%	24,1%	31,6%	21,0%	13,8%**	8,1%
Kona	49,6%	35,8%	25,8%	16,7%	8,9%	4,0%
Aldur						
18-25 ára	52,8%	35,3%	26,7%	25,0%	8%***	1,4%
26-35 ára	60,4%	38,7%	26,9%	12,9%	12,9%	9,5%
36-45 ára	48,5%	41,3%	29,2%	18,1%	18,2%	9,0%
46-55 ára	47,6%	17,1%	31,9%	20,4%	12,7%	5,8%
56-65 ára	48,7%	23,3%	25,8%	18,5%	3,7%	3,7%
66 ára og eldri	45,5%	6,0%	33,3%	18,5%	6,0%	3,1%
Búseta						
Miðborg, Gamli Vesturbær	60,0%	16,9%	22,5%	15,5%	7,7%	5,4%
Hlíðar	38,8%	45,9%	30,0%	16,0%	22,1%	5,3%
Vesturbær, Seltjarnarnes	62,5%	25,1%	34,5%	18,9%	12,0%	12,0%
Laugardalur, Háaleiti	57,7%	20,0%	29,2%	12,1%	14,9%	8,8%
Breiðholt	48,8%	34,8%	27,0%	15,8%	12,4%	3,7%
Árbær	41,1%	32,1%	36,8%	18,3%	6,1%	6,3%
Grafarvogur, Grafarholt	58,8%	37,5%	16,3%	28,9%	5,2%	2,4%
Kópavogur	51,0%	33,8%	27,4%	16,3%	15,6%	6,8%
Garðabær, Álftanes	38,4%	34,3%	25,6%	10,0%	13,0%	0,0%
Hafnafjörður	50,1%	30,0%	37,6%	28,5%	6,8%	6,2%
Mosfellsbær, Kjalanes	53,9%	28,5%	28,5%	24,1%	6,9%	6,7%
Löggæslusvæði						
Löggæslusvæði 1	55,3%	25,3%	28,3%	15,1%	13,7%	7,6%
Löggæslusvæði 2	46,8%	31,2%	34,2%	23,4%	8,5%	4,5%
Löggæslusvæði 3	50,0%	34,3%	27,2%	16,1%	14,1%	5,4%
Löggæslusvæði 4	51,9%	33,3%	26,1%	24,3%	6,0%	4,9%
Menntun						
Grunnskólanám	55,7%	25,8%	27,6%	23,5%	7,2%	3,1%
Framhaldsskólanám	51,6%	27,7%	31,2%	18,8%	15,6%	7,3%
Háskólanám	50,4%	32,8%	26,4%	14,7%	10,2%	5,6%

Marktækur munur á hlutfalli hópanna; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001



Mynd 7. Hlutfall höfuðborgarbúa sem leituðu eftir þjónustu lögreglu og voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna, greint eftir samskiptaleið.



Mynd 8. Hlutfall höfuðborgarbúa sem fylgdust með lögreglu á samskiptamiðlum, greint eftir tegund miðils.